



Nefnda- og greiningarsvið Alþingis  
B.t. Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis

Reykjavík, 14. febrúar 2024  
Tilvísun: M202402-0056

## Efni: Umsögn Alþýðusambands Íslands (ASÍ) um frumvarp til laga um breytingu á Skipulagslögum nr. 123/2010 (tímabundnar uppbyggingarheimildir) mál nr. 628

Alþýðusamband Íslands fagnar tækifærinu til að leggja fram umsögn um breytingar á skipulagslögum nr. 123/2010 eins og breytingarnar eru settar fram í þingskjali 935. ASÍ tekur undir nauðsyn þess að sveitarfélög fái auknar heimildir til að knýja á um að framkvæmdir hefjist innan fimm ára frá samþykkt deiliskipulags.

Mikið ójafnvægi hefur ríkt á íslenskum húsnæðismarkaði sem lýsir sér í framboðsskortri á íbúðum með tilheyrandi hækkun íbúðaverðs. Þessi breyting á skipulagslögum er gerð í samræmi við niðurstöðu í skýrslu starfshóps um aðgerðir og umbætur í húsnæðismálum frá maí 2022. Fulltrúar ASÍ, BSRB og sambönd sveitarfélaga sem sæti áttu í starfshópnum lögðu mikla áherslu á að sveitarfélögum væri gert kleift að knýja byggingaréttarhafa til framkvæmda.

Í niðurstöðu ádurnefndar skýrslu segir í aðgerð 20:

*„Skodað verði hvernig unnt sé að bæta stöðu sveitarfélaga til að knýja á um framgang samþykkt deiliskipulags á reitum þar sem tafir verða á framkvæmdum en aðrir aðilar en sveitarfélagið fara með forræði máls“*

Í þingsályktunartillögu um húsnæðisstefnu fyrir árin 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaáætlun fyrir árin 2024 – 2028, sem bíður afgreiðslu á Alþingi segir í aðgerðaráætlun 1.8, að tryggja þurfi sveitarfélögum nauðsynlegar heimildir til að þrýsta á um uppbygging á úthlutuðum lóðum og koma í veg fyrir að ónýttar lóðir hægi á uppbyggingaráformum.

ASÍ telur að þessi lagabreyting geti haft mjög jákvæð áhrif á að tryggja aukið framboð íbúðarhúsnæðis og að hún styðji við fyrirsjáanleika í uppbyggingaráformum sveitarfélaga og framkvæmd á samþykktum deiliskipulögum. ASÍ styður rammasamkomulag sem gera á við sveitarfélög um byggingu 4.000 íbúða árlega á næstu fimm árum og 3.500 íbúða árlega næstu fimm ár eftir það. Reykjavíkurborg er eina sveitarfélagið á höfuðborgarsvæðinu sem skrifað



hefur undir slíkan samning enn sem komið er og hvetur ASÍ önnur sveitafélög á höfuðborgarsvæðinu til að gera slíkt hið sama.

ASÍ er reiðubúið til frekara samtals, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. Alþýðusambands Íslands  
Bjarni Þór Sigurðsson – sérfræðingur ASÍ í húsnæðismálum